

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 236/2024

2025/EES/9/08

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2041 frá 29. júlí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 að því er varðar heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín K úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2044 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu og skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu lífmassa úr gersveppnum *Yarrowia lipolytica* ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2046 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar sértækar kröfur um merkingar á nýfæðinu að hluta til vatnsrofnu prótíni úr dreggjum úr byggi (*Hordeum vulgare*) og hrísgrjónum (*Oryza sativa*) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2048 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu og skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu prótínútdrætti úr svínsnýrum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað blöndu af laktó-*N*-fúkópentaósa I og 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleidd með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* K-12 DH1, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2041, 30.7.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2041/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2036/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2044, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2044/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2046, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2046/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2048, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2048/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2090/oj

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32024 R 2041:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2041 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2041, 30.7.2024).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

„– **32024 R 2036:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024),

– **32024 R 2044:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2044 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2044, 30.7.2024),

– **32024 R 2046:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2046 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2046, 30.7.2024),

– **32024 R 2048:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2048 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2048, 30.7.2024),

– **32024 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024).“

3. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 250. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1052):

„251. **32024 R 2036:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2036 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* W (ATCC 9637), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2036, 30.7.2024).

252. **32024 R 2090:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2090 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað blöndu af laktó-*N*-fúkópentaósa I og 2'-fúkósýllaktósa, sem er framleidd með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* K-12 DH1, sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2024/2090, 30.7.2024).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/2041 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2036, (ESB) 2024/2044, (ESB) 2024/2046, (ESB) 2024/2048 og (ESB) 2024/2090, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður